


Lausasölulyf virðast hafa lækkað síðustu mánuði.

Veritabus framkvæmdi verðkönnun í síðustu viku hjá þeim þremur apótekum/keðjum sem eru með netverslanir.

Þróun verðvísitölu í þessum apótekum er sýnd hér að neðan en stuðst er við eldri verðkannanir sem hafa birst opinberlega:

- Velja ár
- 2014
 - 2021
 - 2022



Til að mæla verðbreytingar kannaði Veritabus verð vörukörfu sem samanstóð af 68 lausasölulyfjum sem voru alls staðar til. Meðalverð körfunnar var um 150 þúsund krónur. Eftirfarandi breytingar höfðu átt sér stað frá könnun ASÍ 2. nóvember 2021:

	<u>Breytingar á körfu</u>	
		<u>Óvissa (+/-)</u>
<u>Garðs apótek</u>	-3.0%	2.1%
<u>Lýfa</u>	-3.5%	2.3%
<u>Lýfjaver</u>	-0.1%	1.9%
Vísitala neysluverðs	1.4%	0.0%

Kannaðir voru 79 vöruliðir. Allar verslanakeðjur áttu meira en 75 liði til. Ef vöruliður var ekki til fékk hann miðgildi verðs annarra. Í körfukönnuninni voru samtals 68 vöruliðir. Lagt var saman allt verð á þessum liðum og borið saman við könnun ASÍ frá 2. nóvember 2021. Óvissan er nokkuð hátt hlutfall af breytingum. Könnunin fór fram á netinu í síðustu viku.